

Varðar: Frumvarp til breytinga á raforkulögum

sem lagt var fram á Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014-2015, 305. mál, þskj. 372

1 Inngangur

Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum vekur upp margar spurningar. Frumvarpið kveður m.a. á um aukið hlutverk Orkustofnunar á sviði eftirlits með raforkuflutningi, með því að færa stofnuninni vald til að samþykkja svokallaða kerfisáætlun flutningsfyrirtækis (þ.e. áætlun þess um þróun flutningskerfisins til næstu 10 ára þ.m.t. fjárfestingar næstu þriggja ára). Þá leggur frumvarpið til afnám leyfisveitinga fyrir einstakar framkvæmdir í flutningskerfi raforku á 66 kV spennu og hærri og ráðgerir að samþykki Orkustofnunar á fjárfestingaáætlunarhluta kerfisáætlunar komi í stað leyfisveitingar.

Þær spurningar sem hér verður fjallað um lúta eingöngu að samspili frumvarpsins við Evróputilskipun 2009/72/ESB, sem í daglegu tali er nefnd þriðja raforkutilskipunin. Þær spurningar lúta að því hvort breytingarnar sem lagðar eru til í frumvarpinu samrýmist tilgangi og ákvæðum þriðju raforkutilskipunarinnar og hvort þær séu fullgild og rétt lögfesting eða innleiðning á 22. gr. þriðju raforkutilskipunarinnar sem slíkri.

2 Þriðja raforkutilskipun ESB

Tilskipun 2009/72/ESB er bindandi fyrir Evrópusambandsríkin. Hún hefur hinsvegar enn ekki verið tekin upp í EES samninginn og er því ekki bindandi fyrir EFTA ríkin, þ.m.t. Ísland. Þriðja raforkutilskipunin er þannig ESB réttur en ekki EES réttur.

Tilfni setningar þriðju raforkutilskipunarinnar í ESB var að önnur raforkutilskipunin, 2003/54/EB, þótti ekki hafa gengið nægilega langt varðandi tvo þætti:

1. Rekstrarlegan aðskilnað, einkum flutningskerfis
2. Sjálfstæði og vald eftirlitsaðilans (e. regulator)

Auk þess voru m.a. sett ákvæði um aukna neytendavernd og evrópskar eftirlitsstofnanir.

¹ Höfundur starfaði í sjö ár sem sérfræðingur hjá Eftirlitsstofnun EFTA og hefur ritað fræðigreinar um Evrópurétt. Áður starfaði hún sem hæstaréttarlögmaður á Íslandi.

Vinna hefur staðið yfir allengi við upptöku tilskipunar ESB í EES samninginn. Má vænta þess að skammt sé að bíða þess að hún verði tekin þar upp. Yrði tilskipunin þar með EES réttur.

2.1 Rekstraraðskilnaður

Eitt af gundvallaratriðum þriðju raforkutilskipunarinnar er að ríkjum er veitt val á milli þriggja mögulegra leiða við aðskilnað milli framleiðslu og sölu raforku annars vegar og flutningskerfisins hins vegar:

1. Alger fyrirtækjaaðskilnaður (e. ownership unbundling)
2. Flutningskerfið er rekið af sjálfstæðum aðila (e. independent system operator)
3. Flutningsfyrirtæki á og rekur flutningskerfið (e. independent transmission operator)

Mismunandi reglur gilda um hverja leið fyrir sig.

2.1.1 Leið 1

Fjallar 9. gr. tilskipunarinnar um leið 1. Samkvæmt henni er framleiðanda og seljanda raforku ekki heimilt að eiga ráðandi hlut í flutningsfyrirtæki og öfugt. Sá sem tilnefnir menn í stjórn flutningsfyrirtækis má heldur ekki fara með neins konar vald eða réttindi í fyrirtæki sem framleiðir eða selur orku og sami aðili getur ekki setið í stjórn flutningsfyrirtækis og fyrirtækis sem framleiðir eða selur orku.

2.1.2 Leið 2

Um leið 2 er fjallað í 13. gr. tilskipunarinnar. Samkvæmt henni má framleiðandi og seljandi raforku eiga flutningsnetið en verður að fela reksturinn sjálfstæðum aðila. Rekstraraðili flutningsnetsins þarf að vera sjálfstætt fyrirtæki að lögum og sjálfstætt í rekstri sínum á kerfinu. Hann skal hafa ákvörðunarvald um fjárfestingar og rekstur flutningsnetsins lýtur ströngu eftirliti.

2.1.3 Leið 3

Með leið 3 er flutningsfyrirtækið bæði eigandi og rekstraraðili flutningskerfisins en er sjálfstætt gagnvart eiganda sínum (framleiðanda/seljanda orku). Hér gilda mjög strangar reglur, m.a. um eignagrunn, sjálfstæði starfsfólks og stjórnenda, rétt til að taka ákvarðanir um fjárfestingar, um yfirstjórn og skýrslugjöf m.a. um fjármál og starfsmannamál til eftirlitsaðila. Flutningsfyrirtækið skal hafa rétt til að taka ákvarðanir um fjárfestingastefnu og heimild til þess að fjármagna sig á markaði. Mjög strangar reglur gilda um raforkueftirlitið og þarf flutningsfyrirtækið að koma þar upp ráði (e. supervisory body) er taki ákvarðanir sem veruleg áhrif kunna að hafa á eign hluthafanna, einkum um staðfestingu fjárhagsáætlana, skuldsetningu og greiðslu arðs. Þá er ESB ríki skylt að sjá til þess að flutningsfyrirtæki hafi innra eftirlit með uppfyllingu lagaskyldna sinna (e. compliance programme) er eftirlitsaðilinn samþykki, og regluvörð (e. compliance officer) til að fylgja því eftir og skal hann tilnefndur af ráðinu (e. supervisory body) með samþykki eftirlitsaðila. Hlutverk regluvarðar tekur meðal annars til áætlunar flutningsfyrirtækis skv. 22. gr. tilskipunarinnar, en hann sendir tillögu að

framkvæmdaáætlun og einstakar fjárfestingatillögur til eftirlitsaðila á sama tíma og stjórnendur flutningsfyrirtækisins senda tillögurnar til ráðsins (e. supervisory body) til umfjöllunar. Regluvörður tilkynnir einnig eftirlitsaðila um það ef flutningsfyrirtæki dregur að fara í fjárfestingar sem eru á samþykktri þriggja ára framkvæmdaáætlun þess skv. 22. gr. Stöðugt eftirlit skal vera með starfseminni, eftirlitsaðili getur gert athugasemdir við ákvarðanir um starfsmannamál í ákveðnum tilvikum og starfsmenn má ekki ráða sem á umliðnum þremur árum hafa starfað hjá orkufyrirtæki sem á hlut í flutningsfyrirtækinu, svo dæmi séu nefnd. Þessar ítarlegu reglur er allar að finna í V. kafla þriðju raforkutilskipunarinnar. Er 22. gr. ein af sjö efnisgreinum V. kafla.

2.2 Sjálfstæði og vald eftirlitsaðila

Annar meginþáttur þriðju raforkutilskipunarinnar er öflugri og sjálfstæðari innlendur eftirlitsaðili með raforkumálum en áskilið var samkvæmt forvera hennar reglugerð 2003/54/EB. Hvert ESB ríki skal hafa einn eftirlitsaðila.

Ákvæðin um eftirlitsaðilann eru í IX. kafla tilskipunarinnar. Það nýmæli er í tilskipuninni að eftirlitsaðilinn skal vera óháður öðrum stofnunum ríkisins, bæði að formi til og rekstrarlega (e. legally distinct and functionally independent). Hann má hvorki leita eftir né taka við fyrirmælum frá ríkisstjórn eða öðrum opinberum aðilum eða einkaaðilum. Tryggja skal sjálfstæði eftirlitsaðilans m.a. með fjárhagslegu sjálfstæði og nægum mannauði og fjármagni til að sinna eftirlitinu. Stjórn eftirlitsaðilans og/eða eftir atvikum æðstu stjórnendur skulu skipaðir/ráðnir til fimm til sjá ára í senn og skal skipunar-/ráðningartími þeirra endurnýjanlegur einu sinni.

Markmiðum raforkueftirlits er lýst í átta liðum í 36. gr. þriðju raforkutilskipunarinnar. Meðal þeirra er að stuðla að samkeppnishæfum og umhverfislega sjálfbærum innri markaði raforku í Evrópu, aðgengi aðila að markaði og tryggja viðeigandi skilmála skilvirks og áreiðanlegs flutningskerfis raforku til framtíðar.

Ríkin skulu tryggja eftirlitsaðila tiltekin lágmarksúrræði við eftirlitið, sbr. 3. mgr. 37. gr. tilskipunarinnar. Þannig skal hann hafa vald til að taka bindandi ákvarðanir. Hann skal hafa rannsóknarheimildir og geta lagt til viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að markmið tilskipunarinnar náist. Honum skal veitt heimild til að leggja á sektir, eða leggja þær til við dómstól, að fjárhæð allt að 10% af veltu flutningsfyrirtækis. Þar sem við á skal hann m.a. hafa heimild til að aðstoða samkeppnisyfirlönd og framkvæmdastjórn ESB í rannsóknum á sviði samkeppnismála.

Skyldum eftirlitsaðila er lýst í 37. gr. tilskipunarinnar. Meðal þeirra helstu eru að samþykkja gjaldskrá eða aðferðafræði hennar á grundvelli gagnsærra sjónarmiða og hafa eftirlit með að flutnings- og dreifingarfyrirtæki, og eigendur þeirra þar sem það á við, uppfylli skyldur sínar skv. tilskipuninni. Þá skal eftirlitsaðilinn framfylgja ákvörðunum framkvæmdastjórnar ESB og sameiginlegum eftirlitsaðila ESB ríkjanna og gefa þessum aðilum árlega skýrslu um öll þau atriði sem í ákvæðinu greinir. Skal eftirlitsaðili fylgjast með framfylgd framkvæmdaáætlana

flutningsfyrirtækis og gefa árlega skýrslu til sömu aðila um hana og samræmi hennar við sameiginlega ESB fjárfestingaáætlun flutningskerfa. Eftirlitsaðili skal fylgjast með viðgerðartíma og þeim tíma er það tekur flutningsfyrirtæki að tengja notanda. Heimilt er að fela öðru yfirvaldi en eftirlitsaðila að framkvæma eftirlitið og skal sá gera eftirlitsaðilanum grein fyrir störfum sínum.

Þessu til viðbótar hefur eftirlitsaðili frekari skyldum að gegna þegar ríki hefur verið heimilað að fara leið 2 í aðskilnaði flutningskerfis, sbr. kafla 2.1 hér að ofan og 3. mgr. 37. gr. þriðju raforkutilskipunarinnar. Meðal þess er að sjá til þess að gjöld fyrir aðgang notanda séu í samræmi við kostnað af flutningskerfinu, þar með talinn allur kostnað vegna nýrra fjárfestinga, að því tilskildu að þær séu hagkvæmar og skilvirkar.

Þegar valin er leið 3 í aðskilnaði flutningskerfis, hefur eftirlitsaðili enn frekari skyldum að gegna heldur en þegar leið 1 eða 2 er farnar, sbr. 5 mgr. 37. gr. tilskipunarinnar. Meðal þess er að fylgjast með samskiptum flutningsfyrirtækis og eigenda þess og að samþykkja öll fjárhagsleg samskipti þeirra, þar á meðal lánasamninga. Eftirlitsaðila skal meðal annars heimilt að framkvæma húsleit.

3 Frumvarpið

Titill frumvarpsins á Alþingi ber með sér að um sé að ræða innleiðingu EES reglna. Það er raunar ekki allskostar rétt, enda er ekki um EES löggjöf að ræða, ekki enn, þar sem þriðja raforkutilskipunin er ekki í EES samningnum.

Segir í almennum athugasemdum með frumvarpinu að tilefni þess sé innleiðing á 22. gr. þriðju raforkutilskipunarinnar. Réttilega er greint frá því að tilskipunin hafi ekki verið tekin upp í EES samninginn. Ekki er að finna heildstæða lýsingu á þriðju raforkutilskipuninni í frumvarpinu; þar er ekki greint frá megintilgangi eða meginefni hennar. Ekki er heldur greint frá því hvort og hvaða ákvæði muni þurfa að taka upp í íslenska löggjöf þegar kemur að innleiðingu þriðju raforkutilskipunarinnar. Segir í almennum athugasemdum að rétt þyki að taka upp 22. gr. hennar.

Ekki kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu hver er ástæða þess að rétt þyki að fara þessa leið, það er að lögfesta eina ESB reglu í stað þess að innleiða tilskipunina þegar hún verður orðin EES réttur.

Fram kemur að við undirbúning málsins hafi svokölluð jarðstrengjanefnd lagt til að þriðja raforkutilskipunin yrði innleidd.

4 Umfjöllun

Að EES rétti hafa EFTA ríkin val um það með hvaða hætti þau taka upp efni tilskipana sem eru teknar upp í EES samninginn, að því tilskyldu auðvitað að um rétta innleiðingu sé að ræða. Ekki er kunnugt um að sú leið hafi verið farin áður að taka eina efnisgrein úr lagabálki sem enn er ekki kominn í EES samninginn og kalla það innleiðingu á þeirri efnisgrein.

Óháð því að hér er um ESB reglur en ekki EES reglur að ræða, má hugsanlega færa fyrir því rök að í vissum tilvikum sé ekkert því til fyrirstöðu að lögfasta eitt efnisákvæði tilskipunar, svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir og verður fjallað um það álitafni í kafla 4.2 hér fyrir neðan. Í því tilviki sem hér um ræðir væri þó ekki um að ræða innleiðingu á EES reglu(m), svo sem tjáist vera í heiti málsins á Alþingi. Réttara væri að segja, að sett væri íslensk lagaregla, sem á sér að nokkru leyti fyrirmynd í ESB rétti.

4.1 Samrýmist frumvarpið þriðju raforkutilskipun ESB?

Til glöggvunar verður fyrst vikið að því hvort gildandi raforkulög samrýmist ákvæðum þriðju raforkutilskipunarinnar, það er hvort breyta þurfi núgildandi lögum þegar þriðja raforkutilskipunin hefur verið tekin upp í EES samninginn og verður orðin bindandi fyrir EFTA ríkin, þar með talið Ísland. Ekki er tekin afstaða til þess í þessu bréfi hvort núgildandi raforkulög samrýmist annari raforkutilskipuninni, nr. 2003/54/EB, sem bindandi varð fyrir EFTA ríkin árið 2007.

Rifjað er upp að meginmarkmið þriðju raforkutilskipunarinnar er aðskilnaður flutningskerfis frá framleiðslu og sölu orku annars vegar og hins vegar sjálfstæði og valdheimildir eftirlitsaðila.

Þriðja raforkutilskipunin gerir ráð fyrir að ríkin velji eina af þremur leiðum til aðskilnaðar flutningskerfis. Það er því fyrsta spurning hvort Ísland hafi valið eina af þremur leiðum á þessu stigi máls. Svo virðist ekki vera, en Alþingi ráðgerði þó fyrir fjórum árum að fara þá leið að gera orkufyrirtækjunum skylt að selja hluti sína í flutningsfyrirtækinu. Þannig samþykkti Alþingi í mars 2011 breytingu á raforkulögum með lögum nr. 19/2011, með svofelldri viðbót við 1. mgr. 8. gr. laganna:

Flutningsfyrirtækið skal vera í beinni eigu íslenska ríkisins og/eða sveitarfélaga.

Í lögunum var og að finna eftirfarandi texta í bráðabirgðaákvæði I:

Við gildistöku laga þessara skal iðnaðarráðherra skipa nefnd þar sem eiga sæti fulltrúar iðnaðarráðuneytis, fjármálaráðuneytis, sveitarfélaga, Landsnets, Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur, RARIK ohf. og Orkubús Vestfjarða. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögu um kaup ríkis eða sveitarfélaga á hlut orkufyrirtækja í flutningsfyrirtækinu.

Breytingalögin öðluðust gildi 11. mars 2011 en breytingin á 1. mgr. 8. gr. raforkulaga um eignarhaldið skyldi þó koma til framkvæmda 1. janúar 2015. Sú breyting kom hins vegar ekki

til framkvæmda þar sem Alþingi samþykkti með lögum nr. 175/2011 í desember 2011 nýtt ákvæði í stað hins fyrrnefnda og var texti laganna því færður aftur til þess er var fyrir lagabreytinguna með lögum nr. 19/2011, jafnframt því sem nýtt bráðabirgðaákvæði lvar samþykkt. Lokamálsliður 1. mgr. 8. gr. raforkulaga hljóðar nú svo:

Flutningsfyrirtækið skal vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem alfarið eru í eigu þessara aðila.

Tóku breytingalögin gildi 30. desember 2011. Í athugasemdum með frumvarpsgreininni sagði:

Með breytingunni er núverandi eignarhaldi á Landsneti hf. haldið óbreyttu, á meðan könnun á framtíðarfyrirkomulagi fer fram innan ráðherraskipaðrar nefndar (sbr. ákvæði til bráðabirgða), án þess að stefna rekstri orkufyrirtækjanna í hættu vegna ákvæða í fjármálasamningum sem kveða á um að óheimilt sé að selja eða framselja eignarhluti í flutningsfyrirtækinu, án samþykkis lánveitenda.

Með lögum nr. 175/2011 samþykkti Alþingi einnig nýtt bráðabirgðaákvæði I, svohljóðandi:

Við gildistöku laga þessara skal ráðherra orkumála skipa nefnd þar sem eiga sæti fulltrúar ráðuneytis orkumála, ráðuneytis fjármála, sveitarfélaga, Landsnets, Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur, RARIK ohf. og Orkubús Vestfjarða. Hlutverk nefndarinnar er að kanna möguleika á breyttu eignarhaldi á flutningsfyrirtækinu, í gegnum beint eignarhald ríkis og/eða sveitarfélaga, og gera tillögu um kaup ríkis og/eða sveitarfélaga á hlut orkufyrirtækja í flutningsfyrirtækinu.

Nefndin skal skila tillögum eigi síðar en 31. desember 2012.²

Af ofangreindu og orðum frumvarpanna að öðru leyti má ráða að vilji löggjafans hafi verið að fyrirtækjaaðskilnaður færi fram, að teknu tilliti til lánveitenda eigenda flutningsfyrirtækisins. Ekki er þó kunnugt um að nefnd sú er síðastgreint bráðabirgðaákvæði fjallar um hafi gert tillögur þar að lútandi.

Ekki verður séð að löggjafarsamkoman hafi frá því ofangreind lög voru sett á árinu 2011 fjallað um það hvernig fyrirkomulagi eignarhalds flutningsfyrirtækisins skyldi háttáð framvegis. Þá er ekki kunnugt um neina úttekt eða tillögugerð á vegum framkvæmdavaldsins á þann hátt að neitt verði frekar ráðið í það hvaða leið Ísland hyggst fara af hinum þremur er kostur gefst á samkvæmt þriðju raforkutilskipuninni er hún verður tekin upp í EES samninginn.

Samkvæmt ofangreindu vantar frumforsendu þess að Ísland geti innleitt þriðju raforkutilskipunina að efni til; það er að fyrir liggja afstaða til þess hverja af þremur leiðum vilji Íslands stendur til að fara. Verði leið 1 valin eiga orkufyrirtækin eftir að selja hluti sína í flutningsfyrirtækinu og setja þarf ákvæði er tryggja að ríkisvaldið skipi ekki stjórnarmenn í

² Það athugast að í texta raforkulaganna eins og hann er birtur í lagasafni á vef Alþingis er þó ekki að finna bráðabirgðaákvæði I eins og það var samþykkt með breytingalögum nr. 175/2011.

bæði orkufyrirtækjum og flutningsfyrirtæki. Verði leið 2 valin, á Ísland sömuleiðis eftir að útfæra þá leið og leita eftir samþykki fyrir þeirri útfærslu. Verði leið 3 valin, þarf að setja ítarleg og ströng skilyrði í lög eða reglugerð, meðal annars um fjárfestingaáætlun, eftirlitsaðila og innra eftirlit. Frumforsendur vantar því fyrir því að nógildandi raforkulög uppfylli ákvæði þriðju raforkutilskipunarinnar um aðskilnað flutningskerfisins.

Þriðja raforkutilskipunin gerir strangar kröfur til sjálfstæðis etirlitaðila með raforkumálum. Þannig verður eftirlitsaðili að vera óháður ráðherra. Samkvæmt nógildandi raforkulögum fer Orkustofnun með raforkueftirlit. Raforkueftirlit er lítill hluti þess hlutverks er Orkustofnun er falið að lögum, en stofnunin hefur meðal annars á hendi ráðgjöf við stjórnvöld um orkumál. Yfir stofnuninni er einn forstjóri, orkumálastjóri, og heyra allir starfsmenn undir hann, einnig þeir sem sinna raforkueftirliti. Raforkueftirlit Orkustofnunar getur því ekki talist sjálfstæður aðili í skilningi þriðju raforkutilskipunar. Þá hefur Orkustofnun ekki þær heimildir til að leggja á sektir o.s.frv. sem þriðja raforkutilskipunin kveður á um.

Fyrirkomulagi raforkueftirlits þyrfti því að breyta í mikilægum atriðum frá nógildandi raforkulögum til að innleiða þriðju raforkutilskipunina.

Að því er varðar spurninguna um það hvort raforkulögin myndu uppfylla ákvæði þriðju raforktilskipunarinnar yrði frumvarp það að lögum sem hér er til umfjöllunar, nægir að benda á að ekki er í frumvarpinu valið á milli hinna þriggja leiða sem tilskipunin heimilar. Það að innleiða hluta 22. gr. tilskipunarinnar, sem tilheyrir leið 3, uppfyllir ekki öll nauðsynleg skilyrði fyrir því að fara leið 3. Þannig eru t.d. engin ákvæði um ráð (e. supervisory body), innra eftirlit og regluvörð í frumvarpinu. Ekki er þar heldur að finna ákvæði um fjármál og starfsmannamál sem V. kafli tilskipunarinnar áskilur og rakið var hér að ofan í kafla 2.1.

Þá bætir frumvarpið ekki úr þeim skorti sem er á að nógildandi raforkulög myndu uppfylla þriðju raforkutilskipunina, það er sjálfstæðan eftirlitsaðila með þær valdheimildir sem kveðið er á um í þriðju raforkutilskipuninni og fjallað var um í kafla 2.2 hér að framan.

Því myndu raforkulögin heldur ekki uppfylla þriðju raforkutilskipunina yrði frumvarp á þingskjali nr. 372 að lögum.

4.2 Er frumvarpið fullgild og rétt upptaka á ESB reglu (22. gr.)?

Eins og áður segir er 22. gr. þriðju raforkutilskipunar ESB hluti af V. kafla hennar og er ákvæðið sem slíkt hluti af leið 3 í aðskilnaði flutningskerfis frá framleiðslu og sölu orku. Sé horft framhjá því að Ísland hefur ekki enn valið hvaða leið það hyggst leita eftir að fara í aðskilnaðnum, sbr. hér að ofan, og gengið út frá því að í raun hafi verið valin sú leið að óska eftir að fara leið 3, sbr. heimild í b-lið 8. mgr. 9. gr. tilskipunarinnar, vaknar spurningin um það hvort fullgilt og nægilegt er að innleiða 22. gr. eina og sér og ef svo er hvort hún hefur þá sem slík verið réttilega lögfest.

Ákvæði 22. gr. fjallar um 10 ára áætlun flutningsfyrirtækisins og þriggja ára framkvæmdaáætlun innan hennar. Ákvæðið tengist ákvæðum tilskipunarinnar um eftirlit náíð. Þannig er regluverði skylt að kynna áætlun skv. 22. gr. til eftirlitsaðila, sbr. 21. gr. tilskipunarinnar, eins og að framan er rakið. Hvorki eru í gildandi raforkulögum né í frumvarpi á þingskjali nr. 372 ákvæði um innra eftirlit og regluvörð. Þá er framkvæmdastjórn flutningsfyrirtækisins skv. tilskipuninni skylt að bera áætlanirnar undir ráðið (e. supervisory body), sbr. 20. gr. sbr. og 21. gr. tilskipunarinnar. Ekki eru ákvæði í núgildandi raforkulögum eða í frumvarpinu um slíkt ráð.

Vegna þessara sérstöku tengsla 22. gr. við ákvæði 20. og 21. gr. tilskipunarinnar er ekki unnt að komast að þeirri niðurstöðu að efni 22. gr. tilskipunarinnar verði tekið upp í íslensk lög með eðlilegum hætti nema lögfesta jafnframt efni 20. og 21. gr. hennar. Er þá ekki tekin afstaða til þess hvort önnur ákvæði V. kafla tilskipunarinnar kunni að leiða til sömu niðurstöðu.

Ákvæði 22. gr. þriðju raforkutilskipunarinnar hefur að geyma reglur um hvernig staðið skuli að áætlunum flutningsfyrirtækis. Gert er ráð fyrir að eftirlitsaðili skv. IX. kafla tilskipunarinnar fari yfir áætlanirnar, sbr. 5. tl. 22. gr., og geti krafist breytinga á þeim, og að hann fylgist með og hafi eftirlit með framkvæmd áætlunar, sbr. 6. tl. 22. gr. Hér að framan var komist að þeirri niðurstöðu að ákvæði raforkulaga um raforkueftirlit uppfylli ekki ákvæði þriðju raforkutilskipunarinnar um sjálfstæði og valdheimildir eftirlitsaðila. Þar sem frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að samhliða lögfestingu ákvæða 22. gr. tilskipunarinnar um 10 ára þróunaráætlun, þ.m.t. framkvæmdir næstu 3ja ára, verði lögfest ákvæði um raforkueftirlit er samrýmdust IX. kafla tilskipunarinnar, verður ekki hjá því komist að álykta einnig að innleiðing 22. gr. með þessum hætti væri ekki réttmæt lögfesting eða rétt innleiðing. Niðurstaðan er því að ákvæði 22. gr. verða ekki innleidd réttilega nema gera jafnframt nauðsynlegar breytingar á eftirliti með áætlunum flutningsfyrirtækisins.

Í ljósi ofangreinds er ekki þörf á því að fjalla um það sérstaklega hvort öll efnisatriði 22. gr. tilskipunarinnar er að finna í frumvarpinu.

5 Niðurstaða

Hvorki núgildandi raforkulög né frumvarp það er liggur fyrir Alþingi á þingskjali nr. 372 uppfylla ákvæði tilskipunar nr. 72/2009/ESB (þriðju raforkutilskipunarinnar). Á það við um bæði meginatriði þriðju raforkutilskipunarinnar, þ.e. aðskilnað flutningskerfisins frá framleiðslu og sölu orku, og sjálfstæði og valdheimildir eftirlitsaðila.

Óháð ofangreindu telst frumvarpið á þingskjali nr. 372 ekki vera rétt lögfesting á 22. gr. þriðju raforkutilskipunar ESB. Þá er frumvarpið ekki innleiðing á EES reglu.

Brussel, 9. mars 2015,

A handwritten signature in blue ink, appearing to be 'Sif Konráðsdóttir', written in a cursive style.

Sif Konráðsdóttir

Til iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Afrit sent: atvinnuveganefnd Alþingis